

Tónlistarskólinn
á Egilsstöðum

Útskriftartónleikar
Árni Friðriksson, tenór
Þórður Sigurðarson, píanó

Egilsstaðakirkju

14. maí, 2017

Kl. 17:00

Efnisskrá

Every Valley Shall be Exalted úr óratóriunni Messíasi	George F. Händel (1685-1759)
Auf ein altes Bild	Hugo Wolf (1860-1903) Eduard Mörike (1804-1875)
Die Nacht	Richard Strauss (1864-1949) Hermann von Gilm (1812-1864)
Eit syn	Edvard Grieg (1843-1907) Aasmund O. Vinje (1818-1870)
Diamanten på marssnön	Jean Sibelius (1865-1957) Josef Julius Wecksell (1838-1907)
Svarta rosor	Jean Sibelius (1865-1957) Ernst Josephson (1851-1907)
Master Kilby, enskt þjóðlag <i>Öystein Magnús Gjerde, gítar</i>	Benjamin Britten, úts. (1913-1976)
To Daisies	Roger Quilter (1877-1953) Robert Herrick (1591-1674)
Love's Philosophy	Roger Quilter (1877-1953) Percy Bysshe Shelley (1782-1822)
Heimir	Sigvaldi Kaldalóns (1881-1946) Grímur Thomsen (1820-1896)
Kveðja	Þórarinn Guðmundss. (1896-1979)

Nature Boy <i>Öystein Magnús Gjerde, gítar</i>	Eden Ahbez (1908-1995)
Stornellatrice	Ottorino Respighi (1879-1936) Zangarini/Donini
Serenata	Enrico Toselli (1883-1926) Alfredo Silvestri
All I Ask of You úr The Phantom of the Opera <i>Dúett: Steinrún Ótta Stefánsdóttir, sópran</i>	Andrew Lloyd Webber (1948) Charles Hart (1961)
The Impossible Dream úr Man of La Mancha	Mitch Leigh (1928-2014) Joe Dorian (1917-2001)
Fascinating Rhythm úr Lady Be Good	George Gershwin (1898-1937) Ira Gershwin (1896-1983)
La ci darem la mano úr Don Giovanni <i>Dúett: Steinrún Ótta Stefánsdóttir, sópran</i>	Wolfgang A. Mozart (1756-1791) Lorenzo da Ponte (1749-1838)
Pourquoi me réveiller úr óperunni Werther	Jules Massenet (1842-1912) Edouard Blau (1836-1906)

Händel:

Sérhver dalur skal hækka

„Sérhver dalur skal hækka, sérhvert fjall og háls lækka. Hólarnir skulu verða að jafnsléttu og hamrarnir að dalagrundum!“
(Jes 40, 1-3)

Wolf:

Gömul helgimynd (Mörrike)

Sjá þar, í grænni sumarsveit
við sef og læk í blómareit
er frjáls að leik hjá fornunum trjám
hinn fríði sveinn á móður knjám;
og þarna í ljósum lund ég sé
hvar laufgað stendur krossins tré.
(Þýðing: Helgi Hálfðanarson)

Strauss:

Nóttin (Gilm)

Nóttin stígur fram úr skóginum
laumast út úr trjámum
og lítur allt um kring,
vertu á varðbergi.

Hún slekkur öll ljós jarðar,
öll blóm og litir hverfa
og heyið hverfur af túninu.

Hún tekur allt það sem dýrmætt er,
tekur silfrið úr læknum,
tekur gulllitaðan koparinn
af dómkirkjubakinu.

Runnarnir standa allslausir
nalgumst, tvær sálir;
því ég óttast að nóttin
taki þig líka frá mér
(Lausleg þýðing: ÁF)

Grieg:

Sýn (Vinje)

Ég sá stúlku
sem ærði mig alveg
mér leið eins og í draumi.
Ég var svo glaður
að ég á aldrei eftir að gleyma því.

Ég fraus og kastroðnaði,
ég sá hana þar og sé hana hér,
ég sé hana best þegar ég sef.

Líkaminn, andlitið
og allur hennar yndisþokki
og augun sem brunnu
gera mig orðlausan.

Svona verður þetta að vera,
ég mun aldrei ná henni
hví þurfti stúlkan að birtast mér?
Svo ljós og hrein
eins og sólin hún skein
og fór síðan!
(Lausleg þýðing: ÁF)

Sibelius:

**Demanturinn í marssnjónum
(J.J.Wecksell)**

Demantur glitrar í snjónum.
Engin tár eru fallegrí,
engar perlur skína jafn bjart.
Og löngunar-kristalsauga demantsins
blikar í átt að sólarupprásinni.

Hann glóir af aðdáun
er hann sér geislana
og hann kyssir þá ástúðlega
og bráðnar í tár.
Þeir eru heppnir sem elska
það besta sem til er,
glitra í sólinni og deyja.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Sibelius:

Svartar rósir (E. Josephson)

Hví ertu sorgmæddur í dag?
Þú sem ert alltaf svo glaður.
Ekkert gerir mig sorgmæddari
en að þú skulir álíta mig glaðan.
Því sorgin ber náttsvartar rósir.

Í hjarta mínu vex rósaflækja
sem lætur mig ekki í friði.
Á stilkunum eru þynnar
sem stöðugt valda hjartasári.
Því sorgin ber náttsvartar rósir.

En rósir á endanum blómstra,
hvítari en dauðinn, rauðari en blóð.
Og kransinn vex, endalokin nálgast,
strengir hjartans hörfa, skjálfa og slá.
Því sorgin ber náttsvartar rósir.
(Lausleg þýðing: ÁF)

**Herra Kilby
(enskt þjóðlag)**

Einn hlýjan dag
þegar sól skein glaðlega
hitti ég herra Kilby í góðu skapi.

Ég tók af mér hattinn,
hneigði mig og spurði:
„Á hvaða ferðalagi ert þú, herra Kilby?“

„Ég er á leið í vestur
og ætla að setjast þar að
hjá henni brjóstgóðu Nancy.

Og ef ætti ég
tíuþúsund pund
í gulli og silfri eða peningum

þá myndi ég láta það
af hendi án hiks,
vegna hinnar elskulegu Nancy.

Hún er fegurst allra,
hjarta mitt er hennar,
hún er á allan hátt fullkomin.“
(Lausleg þýðing: ÁF)

Quilter:

Til freyjubrána (Herrick)

Ekki lokast strax,
þreytt nóttin er ekki enn komin
til að ráðast á ljósið
eða til að læsa fyrir sólina.

Morgunfrúrnar er enn opnar
engir skuggar komnir á kreik
og ekki er Kapellustjarnan
heldur enn farin að skína
eins og pallíetta.

Bíðið þar til Júlía mín
lokar sínum lífsins augum
þá má öll veröldin ákveða
hvort hún lifir eða deyr.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Quilter:

Heimspeki ástarinnar (Shelley)

Lindin í fljótsins faðmi
sem fljótið hafsins er,
og vindar lofsins leika
við ljósbárurnar sér.
Ekkert er eitt í heimi,
hvað öðru skemmtun lér.
Hví skyldi eg þá eigi mega
una í faðmi þér.

Sjá hnjúka himin kyssa,
og hafið græna strönd.
Sjá fjólu og fífil unnast
og flétta ástarbönd,
og jörð í ástar unað
við eygló leika sér.
— En hvað koma mér við kossar,
ef koss eg ei fæ að þér?
(Þýðing S.B. Benediktsson)

Abhez:

Náttúrudrengur

Það var drengur einn
undarlegur og heillandi,
hann hafði ferðast víða,
yfir land og sjó.
Örlítið feiminn og raunamæddur
en mjög vitur.

Síðan einn töfrandi dag
mætti ég honum
og við töluðum um margt
eins og hirðfífl og konunga
En svo sagði hann þetta:

Það besta sem hægt er að kynnast
er að elska og vera elskaður.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Respighi:

Smáljóð (Zangorini/Domini)

Til hvers að syngja: „Ó, hengibjarkarblóm,
ég vildi að þú værir sólin og ég stjarna
og við ráfuðum hugsunarlaust
um himnana.“
Ef að bergmálið svarar engu.

Hvers virði er að syngja: „Blóm allra
blóma, þú ert ást mín í dag og í gær.
Þú ert ást mín sem aldrei deyr.“
Ef að bergmálið svarar engu.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Toselli:

Serenaða (Silvestri)

Eins og gylltur draumur djúpt í hjarta mínu
leynist enn minning um ást
sem horfin er.

Ó, þessi sýn, af kærleiksbrosi
sem var eins og ljós gagntekið gleði
okkar æskudaga.

Of fljótt leið þessi tími
svo ljúfrar gleði.
Gyllti draumurinn hvarf
og skildi aðeins eftir sorg
Allt er dimmt og ennþá dimmir
því brátt er æskan öll á brott
og syrgir ein.
Tár mín, hryggð og hjartasár.

Geislar sólar, á mína leið
þið lýsið ekki meir,
ekki meir, ekki meir.

(Lausleg þýðing: ÁF)

Webber:

Ég þarf ei meir en það (Hart)

RAOUL

Gleymdu öllu myrkri,
gleymdu óttanum
ég er hér, öllu er óhætt
orð mín munu róa þig
lof mér að frelsa þig
lof dagsljósinu að þerra tár þín
ég er við hlið þér og mun gæta þín.

CHRISTINE

Segðu hverja vökustund að þú elskir mig
lát orð þín um sumar vekja áhuga minn
segðu að þú þarfnist mín núna og alltaf
lofaðu mér að allt sem þú segir sé satt.
ég þarf ei meir en það.

R: Lof mér þig að vernda
og lýsa þína leið
þú ert óhult, enginn finnur þig,
það er óþarfi að óttast.

C: Ég bið bara um frelsi
frelsi frá nóttinni
og þig við hlið mér
til að halda utan um mig.

R: Segðu að þú deilir með mér
ást og lífi
ég skal leiða þig úr einsemd
segðu að þú viljir hafa mig hjá þér,
hvert sem þú ferð, þá kem ég með þér.
Christine, ég þarf ei meira en það.

C: Segðu að þú deilir með mér
ást og lífi
segðu það og ég mun fylgja þér.

BÆÐI

Saman eyðum degi, nótt og morgni

C: Segðu að þú elskir mig

R: Þú veist ég geri það.

BÆÐI

Elskaðu mig.

ég þarf ei meir en það.

(Lausleg þýðing: ÁF)

Leigh:

Draumur um fjarstæðu (Darion)

Fá dreymt það sem fjarstæða er
og fjölmennan her ráðast á,
í þögn bera þjáningar mestu
og þora ef annar snýr frá.

Í rétt skal því rangláta breytt
af hreinleika elska ég vil
og þó armur sé orðinn þreyttur
að teygja mig stjarnanna til!

Það er mín leit og þangað ég fer
þó vonlítill sé ég, hve langt sem það er,
það rétta ég ver, engan vafa né töf
og í víti að gista ég kýs fyrir himneska
gjöf!

Og ég veit ef ég aðeins held tryggð
við þá töfrandi leit
að ég hljótt fæ að hvíla og rótt
hér í dáiinna reit.

Yfir heim rennur hamingjutíð
því að hann er menn höfðu oft smáð
fékk reynt meðan afl honum entist
að ná því sem engin gat náð!
(Þýðing: Óskar Ingimarsson)

G. Gershwin:

Hrífandi taktur (I. Gershwin)

Í sál mér býr taktur,
hann er svo þrálátur
að ég á bráðum eftir að missa vitið.

Hann kemur óumbeðinn á hverjum morgni
og hangir hjá mér allan daginn.
Ég verð að laumast að honum einn daginn.
Ég vona að hann hlusti á mig
þegar ég segi:

Hrífandi taktur, þú kemur mér í stuð.
Þú kemur mér í vandræði.
Nágrannarnir vilja vita af hverju ég nötra
allur.

Ég fer á skoppandi á fætur við sólarupprás
og um kvöldið hef ég engu komið í verk.

Einu sinni skipti það ekki máli,
en nú er þetta orðið pínlegt.
Viltu ekki taka þér frí í dag og fara eitthvað
langt í burtu og það strax?

Mig langar svo að vera sá maður
sem ég eitt sinn var.

Hrífandi taktur, hættu nú að böggja mig.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Mozart:

Ég rétti þér hönd mína (Da Ponte)

DON GIOVANNI
Ég rétti þér hönd mína.
Þú munt taka við henni.
Þetta er ekki langt.
Vina mín, við skulum koma.

ZERLINA
Ætti ég eða ætti ég ekki?
Hjarta mitt skelfur við tilhugsunina.
Það er satt, ég yrði hamingjusöm.
Ég má enn skemmta mér!

D: Komdu, mín áskæra gyðja.

Z: En aumingja Masetto.

D: Ég breyti forlögum þínum.

Z: Bráðum... ég get ekki varist lengur.

D: Komum!

Z: Komum!

BÆÐI
Komdu, komdu, elskan
endurheimtum nautn
saklausrar ástar.
(Lausleg þýðing: ÁF)

Massenet:

Hví vekurðu mig? (Blau)

Hví vekurðu mig, vorilmur?
Ég finn blíðuhót þín leika um andlit mitt
samt nálgast tími storma og sorgar.
Hví vekurðu mig, vorilmur?

Á morgun kemur ferðalangurinn í dalinn
og hann man mína glæstu sigra
og augu hans munu án árangurs
leita dýrðarljóma míns.
Þau finna einungis sorg og þjáningu.
Svo, hví vekurðu mig, vorilmur?
(Lausleg þýðing: ÁF)

